

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 209/2012

2013/EES/18/05

frá 7. desember 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 523/2012 frá 20. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 661/2009 að því er varðar að fella inn í hana tilteknar reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zza (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009):
„– **32012 R 0523**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 523/2012 frá 20. júní 2012 (Stjtið. ESB L 160, 21.6.2012, bls. 8).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45zzq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 351/2012):
„45zzr. **32012 R 0523**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 523/2012 frá 20. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 661/2009 að því er varðar að fella inn í hana tilteknar reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtið. ESB L 160, 21.6.2012, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 523/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 160, 21.6.2012, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.